



Varðandi: Brunavarnaáætlun Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar

Málsnúmer: 1801116

Dagsetning: 03.10.2018

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir aukafjárveitingu allt að fjárhæð 1,8 mkr. (án vsk) vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu vegna gerðar brunavarnaáætlunar Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar en áætlunin tekur til tímabilsins 2018 til og með 2023.

Útgjöldunum verður mætt af liðnum 20830-4980.

GREINARGERÐ: Að lögum er sveitarfélögum skylt að hafa gilda brunavarnaáætlun sem skal endurskoðuð á fimm ára fresti. Fyrri brunavarnaáætlun rann út 2017 og fyrir liggur að ráðast verður í verkefnið.

Helstu meginþættir brunavarnaáætlunar eru eftirfarandi:

- Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þær áhættur sem eru í sveitarfélaginu.
- Brunavarnaáætlanir eiga að stuðla að því að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir með fullnægjandi eldvarnaeftirliti og viðbúnaði við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi.



- Brunavarnaáætlanir gefa íbúum og stjórn sveitarfélagsins gott yfirlit yfir starfsemi og ástand slökkviliða og geta því orðið grunnur að gæðastjórnun og áætlun um endurbætur t.d. hvað varðar búnað, menntun og samstarf við aðra aðila.
- Einn mikilvægasti þáttur brunavarnaáætlunar er að gera sér grein fyrir hvar úrbóta er þörf og gera í kjölfarið verk- og kostnaðaráætlun þar að lútandi.

Aflað hefur verið tilboðs frá sérfræðingum (Inspectionem) sem hafa langa starfsreynslu hjá Mannvirkjastofnun og þekkja því mjög vel til gerðar slíkra áætlana.

Haldinn var sameiginlegur fundur stjórnenda Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar ásamt pólitískum fulltrúum Hvalfjarðarsveitar með viðkomandi sérfræðingum og var samhljóður um nauðsyn þess að fara í verkefnið.

Hvað varðar kostnaðarskiptingu á milli sveitarfélaganna er lagt til grundvallar núverandi fyrirkomulag í rekstri slökkviliðsins en þó þannig að ekki er tekið tillit til hlutdeildar Norðuráls í brunabótamati sbr. meðfylgjandi excels skjal .

Sú nálgun felur í sér kostnaðarskiptingu 64,77% : 32,23% (Akraneskaupstaður : Hvalfjarðarsveit).

Framangreind kostnaðarskiptin felur í sér:

1. Akraneskaupstaður greiðir kr. 1.219.860
2. Hvalfjarðarsveit greiðir kr. 580.140.

Með vísan til framanritaðs gerir bærarstjóri ofangreinda tillögu.

Sævar Freyr Práinsson
bærarstjóri